

LÖG

um breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „bókasafnsfræðing“ í 1. gr. laganna kemur: bókasafns- og upplýsingafræðing.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: þeim sem lokið hafa BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein er jafngildir a.m.k. 60 námseiningum.
- b. Í stað orðsins „bókasafnsfræði“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: bókasafns- og upplýsingafræði.
- c. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar, þ.e. MA, MLS eða sambærilega háskólagráðu.
- d. 2. mgr. orðast svo:

Áður en leyfi er veitt skv. 3. og 4. lið skal leita umsagnar Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og bókasafns- og upplýsingafræðiskorar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

3. gr.

Í stað orðsins „Bókasafnsfræðingi“ í 3. gr. laganna kemur: Bókasafns- og upplýsingafræðingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 2001.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Garðar Gíslason.

Björn Bjarnason.